



Krilasálmar, er samheiti yfir kirkjuleg tónlistarnámskeið fyrir ungbörn og foreldra þeirra. Námskeiðin eiga rætur sínar að rekja til Danmerkur en orðið er þýðing á danska orðinu **Babysalmesang**. Fyrsta námskeiðið á Íslandi var haldið í Fella- og Hólakirkju vorið 2008 og heppnaðist það mjög vel.

Á námskeiðinu er leitast við að kenna foreldrum hvernig nota má söng og tónlist til aukinna tengsla og örvunar við börnin þeirra en rannsóknir hafa sýnt að tónlist hefur góð áhrif á m.a. tilfinninga- og hreyfifroska barna. Kennð eru ýmis lög og leikir í notalegu umhverfi kirkjunnar og lögð áhersla á söng og hreyfingu. Einkum er notast við tónlist kirkjunnar en einnig önnur þekkt barnalög, leiki og þulur.

Sönghæfileikar foreldranna skipta engu máli í þessu samhengi, börnin elska þína rödd frammar öllum öðrum! Málið snýst fyrst og fremst um að rækta tengls foreldris og barns.

Nánari upplýsingar, myndir og fleira má finna á vefsíðunni **krilasalmar.wordpress.com**